

Föstudaginn 13. júní 1958.

Nr. 76/1958. **Samvinnufélagið Björg**
 gegn
Kristni Ó. Karlssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vanreifun máls. Frávisun frá héraðsdómi. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kæru 2. maí 1958, sem hingað barst 30. s. m., skotið til Hæstaréttar hinum kærða frávisunardómi sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 30. apríl 1958. Krefst hann þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og að sér verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða frávisunardóms og kærumálskostnaðar að mati Hæstaréttar.

Svo sem greinir í hinum kærða dómi, skortir mjög á fullnægjandi greinargerð fyrir kröfum gagnstefnanda í héraði. Ber því að staðfesta hinn kærða frávisunardóm.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 1.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði frávisunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Samvinnufélagið Björg, greiði varnaraðilja, Kristni Ó. Karlssyni, kærumálskostnað, kr. 1.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 30. apríl 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., höfðaði Kristinn Ó. Karlsson, Hafnarfirði, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 24. september 1956, gegn Samvinnufélaginu Björg, Drangnesi. Samvinnufélagið höfðaði gagnsök á hendur aðalstefnda einnig fyrir bæjarþinginu. Í þinghaldi 11. þ. m. var málið flutt úr bæjarþinginu í sjó- og verzlunardóminn og verður nú dæmt í þeim dómi.

Í aðalsök gerir aðalstefnandi þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 54.910.56 með 6% ársvöxtum af kr. 28.500.00 frá 3. júní 1956 til greiðsludags, af kr. 28.500.00 frá 3. september 1956 til 2. janúar 1957 og af kr. 26.410.56 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað að mati dómsins.

Aðalstefndi hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum aðalstefnanda í aðalsök, en til vara lækkunar á stefnukröfunni að mati dómsins. Í báðum tilvikum krefst aðalstefndi málskostnaðar úr hendi aðalstefnanda.

Í gagnsök gerir gagnstefnandi þær kröfur, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða kr. 62.886.11 með 6% ársvöxtum frá 3. marz 1956 og málskostnað samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu í gagnsökinni og málskostnaðar úr hendi gagnstefnanda að mati dómsins.

Tildrög máls þessa eru þau, að í ársbyrjun 1956 varð að samkomulagi með aðalstefnanda og Njáli Gunnlaugssyni, þáverandi framkvæmdastjóra gagnstefnanda, að gagnstefnandi tæki á leigu v/b Villa, G.K. 61, sem var 23 brúttósmálestir að stærð, eign aðalstefnanda. Hinn 3. marz 1956 var gerður leigusamningur og er undirritaður af aðalstefnanda og Njáli Gunnlaugssyni sem prókúruhafa gagnstefnanda. Leigutímabilið var ákveðið frá 3. marz 1956 til desember s. á. Leigan var tiltekin kr. 9.500.00 á mánuði og skyldi greiðast fyrir þrjá mánuði fyrirfram. Þá voru ákvæði í leigusamningnum um það, að leigutaki tæki við bátnum í Hafnarfirði í siglinga- og sjófæru ásigkomulagi og skilaði honum á sama stað eða eftir nánara samkomulagi við leigusala að leigutímanum loknum og þá í jafngóðu ásigkomulagi og við upphaf leigutímans. Gagnstefnandi notaði síðan bátinn út vetrarvertíðina 1956, en eftir það var hann látinn ónotaður eða þar til aðalstefnandi tók hann til sín nokkru eftir að hinu samningsákveðna leigutímabili var lokið.

Aðalstefnandi byggir kröfur sínar í aðalsök á því, að aðalstefndi hafi eigi greitt leigu fyrir bátinn nema fyrir fyrstu þrjá mánuði leigutímabilsins. Leiguskuld aðalstefnda nemi kr. 57.000.00, en frá þeirri fjárhæð beri hins vegar að draga kr. 2.089.44, sem aðalstefndi hafi greitt vegna bátsins fyrir aðalstefnanda (fyrir bjargbelti kr. 337.000 og fyrir lagfæringu á áttavita kr. 1.752.44).

Kröfur sínar í aðalsökinni byggir aðalstefndi á því, að Njáll Gunnlaugsson hafi eigi haft heimild til að gera margnefndan leigusamning við aðalstefnanda.

Kröfur gagnstefnda í gagnsökinni eru byggðar á því, að hann

hafi orðið fyrir ýmsum fjárgreiðslum vegna umræddrar leigu á bát gagnstefnda, sem gagnstefnda hafi borið að greiða.

Gagnstefndi viðurkennir, að honum beri að greiða tvær af greiðslum þessum og lækkaði hann því kröfu sína á aðalsökinni, sem þeim nam, við munnlegan flutning málsins. Að öðru leyti mótmælir hann kröfum gagnstefnanda.

Þar sem dómurinn telur frávísunaratriði koma fram í gagnsökinni, þykir með skískotun til 108. gr. laga nr. 85/1936 rétt að taka það atriði fyrst til úrlausnar.

Í stefnu gagnsakar lýsir gagnstefnandi kröfu sinni sem „skuld vegna ýmis konar kostnaðar, sem gagnstefnandi verði fyrir í sambandi við leigu á v/b Villa, eign gagnstefnda, á vetrarver-tíðinni 1956. Er það bæði kostnaður við lagfæringu á bátnum, sem átti að vera í fullkomnu lagi, er leigutíminn hófst, og stefndur átti að sjá um, og mannakaup, sem gagnstefnandi varð að greiða.“

Gagnsök er þingfest á bæjarþinginu hinn 10. janúar 1957. Í þinghaldi 7. s. m. lagði gagnstefnandi fram endurrit úr aukadómþingsbók Strandasýslu. Greinargerð í gagnsökinni lagði gagnstefnandi fram í þinghaldi 17. janúar s. á. Í henni vísar lögmaður gagnstefnanda um rökstuðning fyrir kröfum sínum til yfirheyrzlu yfir stjórn félags gagnstefnanda fyrir aukadómþingi Strandasýslu og yfirlits yfir greiðslur, sem gagnstefnandi kvaðst hafa orðið að greiða til að koma bátnum í lag og sem fram var lagt við umræddar yfirheyrslur. Yfirlit þetta, sem nú er dómskjal nr. 26, telur upp ýmsar greiðslur í 10 liðum, samtals að fjárhæð kr. 33.157.51. Engin gögn fylgdu yfirlitinu og engin skýring var fyrir því í framangreindum framburðum stjórnarmeðlima félags gagnstefnanda. Auk tilvísunar til þessa yfirlits kvað lögmaður gagnstefnanda í greinargerð sinni gagnstefnda skulda:

„Mannakaup vegna biðtíma fyrir 2 menn	kr. 12.132.80,
Greitt vegna niðursetnings á spili	— 3.988.80,
Keypt spil (þar af greitt í peningum kr. 2.500.00, með víxli 3.500.00)	— 6.000.00,
Greitt Kristjáni Gíslasyni	— 3.500.00,
Kostnaður við björgun á v/b Villa, krafa frá Jóh. Guðmundssyni	— 4.107.60,

Skuld kr. 29.728.60“

Gagnstefndi lagði fram greinargerð í gagnsökinni í þinghaldi 31. janúar s. á. Í greinargerðinni viðurkenndi hann tvo liði í

margnefndu yfirliti, en mótmælti öðrum liðum í gagnkröfu gagnstefnanda. Við munnlegan flutning málsins lækkaði gagnstefndi kröfu sína í aðalsök, sem svaraði þeim liðum, er hann viðurkenndi í gagnsökinni.

Í þinghaldi hinn 28. febrúar 1957 lagði gagnstefnandi fram nokkra reikninga og nótur fyrir þeim fjárhæðum, sem taldar eru í fyrrnefndu yfirliti á dskj. nr. 26, en engin gögn fylgdu til stuðnings öðrum kröfuliðum. Í þinghaldi þessu óskaði lögmaður gagnstefnanda eftir 8 vikna fresti, þar sem „greinargerð gagnstefnda gefur tilefni til frekari gegnöflunar af hálfu umbjóðanda míns vegna ýmissa mótmæla, sem þar koma fram.“

Gagnstefnanda var með úrskurði veittur 4 vikna frestur í þessu skyni, en engin frekari gögn voru fram lögð á þeim fresti, og lýstu aðiljar yfir gagnsöfnun í málinu lokið við lok hans.

Af því, sem rakið hefur verið, er ljóst, að gagnsök í máli þessu hefur verið rekin og flutt með þeim hætti, að mjög brýtur í bág við ákvæði laga nr. 85/1936 um skýran málatilbúnað, rækilega gagnasöfnun og fullnægjandi reifun máls.

Ber því að vísa gagnsökinni frá dómi ex officio.

Afstaða til málskostnaðar í þessum hluta málsins verður tekin við væntanlegan efnisdóm í málinu.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum Jónasi Jónassyni skipstjóra og Óskari Gíslasyni skipamiðlara.

Dómsorð:

Gagnsök í máli þessu er vísað frá dómi ex officio.
